



Tilboð til klúbbfélaga

Í tilefni lokaviku Listahátíðar býðst þér, kæri klúbbfélagi, að kaupa miða á eftirfarandi tónleika á sérstöku klúbbfélagaverði **AÐEINS 1.900 KRÓNUR.**

BENNI HEMM HEMM, ALASDAIR ROBERTS OG BLÁSARASVEIT REYKJAVÍKUR UNDIR STJÓRN TRYGGVA M. BALDVINSSONAR

Íslenska óperan í kvöld fimmtudag 3. júní kl. 20

NJÚTON OG FORMALIST QUARTET frumflytja á Íslandi Vortex Temporum eftir Gérard Grisey auk verka eftir Atla Ingólfson, Úlfar Inga Haraldsson og Nicholas Deyoe.

Íslenska óperan föstudag 4. júní kl. 20

Hringdu í síma 552-8588 og tryggðu þér miða á Klúbbfélagskjörum, aðeins 1.900 kr. Fullt verð kr. 2.900

Skoða dagskrá og kaupa miða: www.listahatid.is og www.midi.is



Ekki missa af líflegum leiksýningum á Listahátíð fyrir alla fjölskylduna

Sýningar standa yfir á tveimur leiksýningum á Listahátíðar sem hafa hlotið frábærar viðtökur og dóma. Í heimilistækjasirkusnum Af ástum manns og hrærivélar túlka Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Kristján Ingimarsson íslensk hjón á óborganlega hátt sem af atorku og eljusemi hræra saman skemmtilegheitum fyrir sjón og heyrn á mannbætandi hátt.

Síðustu sýningar á Af ástum manns og hrærivélar eru fimmtudag, föstudag og laugardag kl. 20 í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

[Miðaverð er 2.500 krónur. Kaupa miða.](#)

Í Hr. Potti og ungfrú Lok eru það



Þú heyrðir það fyrst á Listahátíð

Á tónleikunum sem félögum í Klúbbi Listahátíðar bjóðast nú miðar á kostakjörum gefst tækifæri til að hlýða á frumflutning verka eftir íslensk tónskáld; **Benni Hemm Hemm** stígur fram í Óperunni á fimmtudagskvöldið með verk fyrir tvo söngvara og 30 manna blásarasveit.

Tónlistarhópurinn Njúton hefur einbeitt sér að því að flytja nýja tónlist og hlutu tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2008 fyrir disk sinn, Roto con Moto. Njúton kemur fram á föstudagskvöld ásamt hinum bandaríska **Formalist Quartet** og frumflytja á Íslandi eitt af stórvirkjum tónlistarsögu 20. aldar; *Vortex Temporum* eftir franska tónskáldið Gérard Grisey. Á



Lokatónleikar Listahátíðar á laugardag kl. 17

Lokapunktur Listahátíðar verður settur á laugardaginn klukkan fimm með glæsilegri óperuveislu **Kristins Sigmundssonar, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Óperukórsins í Reykjavík.**

Þetta eru fyrstu einsöngstónleikar Kristins með Sinfóníunni um árabíl, og á efnisskránni eru meðal annars ariur úr Rakaranum í Sevilla, Don Carlo og Hollendingnum fljúgandi. Hátt í tvö hundruð manns taka þátt í tónleikunum, hljómsveitarstjóri er **Petri Sakari** og kórstjóri **Garðar Cortes**. Löngu er orðið uppselt á tónleikana.

Við vekjum athygli á tímasetningu tónleikanna, þeir hefjast klukkan 17 í Háskólabíói.

búsáhöldin sem lifna við í tónævintýri fyrir alla fjölskylduna, líka þá allra yngstu. Í sýningunni er ástarsaga Hr. Potts og ungfrú Loks sögð með gáskafullum leik og lifandi tónlist, þar sem foxtrott, charleston, djass og tangó koma við sögu. Sýningin hefur einróma lof gagnrýnenda og áhorfenda á öllum aldri. **Í dag klukkan 17 er sýning á frönsku, en lokasýningar eru laugardag og sunnudag kl. 13 og 15.**

[Miðaverð er 1.500 krónur. Kaupa miða.](#)

tónleikunum verður jafnframt frumflutt nýtt verk eftir Atla Ingólfsson auk strengjakvartetta eftir Úlfar Inga Haraldsson og Nicholas Deyoe.

Á föstudaginn kl. 18 verður forspjall á efri hæð veitingahússins Sólon, þar sem Atli Ingólfsson segir frá spektral-tónlist og verki Griseys. Veitingasala.



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival | Lækjargata 3b | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík
Sími |+354| 561 2444 | Fax |+354| 562 2350 | www.listahatid.is | artfest@artfest.is